



Öldungaráð Hafnarfjarðar

4. Stjórnarfundur haldinn þriðjudag 15. maí 2018 kl 16.00 í Ráðhúsi Strandgötu 6.

Fundargerð

Mættir: Elísabet Valgeirsdóttir, formaður, Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir, Lilja Kristjánsdóttir, Jóhanna Axelsdóttir og Sjöfn Guðmundsdóttir.

Fjarverandi: Guðmundur Sigurðsson, Gylfi Ingvarsson og Guðmundur Fylkisson.

Á stjórnarfundum öldungaráðs var samþykkt að senda áskorun til yfirvalda vegna vöntunar á dagdvalarúrræða fyrir Alzheimer sjúka í Hafnarfirði.

Áskorun:

Öldungaráð sendir áskorun til bæjaryfirvalda um að beita sér fyrir því að dagdvalarplássum fyrir Alzheimer sjúka í bænum verði fjölgað.

Í Drafnarhúsi fer fram frábært starf, umhverfið er hlýlegt og heimilislegt og gott starfsfólk.

Samkvæmt tölum frá minnisdeildinni á Landakoti frá 11. apríl 2018 eiga 52 einstaklingar umsókn í Drafnarhús af þeim eru 45 í forgangi 1 og sjö í forgangi tvö. Af þessum 52 umsóknnum eru 32 umsóknir úr Hafnarfirði. Alls eru 25 einstaklingar í forgangi 1 og sjö einstaklingar í forgangi tvö. Umsóknir í Drafnarhús eru einnig 19 frá Garðabæ og ein úr Vogunum.

Athygli er vakin á því að hvorki eru til dagþjálfunarúrræði í Garðabæ né Vogum og leita því einstaklingar frá þessum sveitarfélögum eftir þjónustu í Hafnarfirði.

Í nýja hjúkrunarheimilinu við Sólvang er gert ráð fyrir sérhæfðri deild fyrir minnissjúka.

Mjög brýnt er að ekki dragist að taka þá deild í notkun og skorar stjórn Öldungaráðs á stjórnendur bæjarins að leggja sitt af mörkum til að það geti tekist sem fyrst.

190 einstaklingar bíða eftir dagþjálfun á höfuðborgarsvæðinu þar af eru 153 einstaklingar í forgangi 1.

Fundargerð ritaði Sjöfn Guðmundsdóttir